

**M-7/2017. Álit 18. september 2017.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-7/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 30. janúar 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar á kaupunum ásamt endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 10. febrúar 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 24. febrúar 2017. Hinn 7. mars 2017 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 13. mars 2017. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda þann 21. mars 2017 og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 14. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 8. janúar 2016 af seljanda en kaupverðið var 1.440.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2007 og hafði verið ekin 143.920 km. á kaupdegi.

Að sögn álitsbeiðanda spurði hann seljanda við kaupin hvort bifreiðin hefði verið skoðuð fyrir sölu. Seljandi kvað svo vera og samkvæmt álitsbeiðni nefndi seljandi „2-3 athugasemdir við bremsur og stífufóðring en sagði jafnframt búið væri að lagfæra það“. Þegar álitsbeiðandi ætlaði að þrífkeyra bifreiðina var hún rafmagnslaus og varð að gefa henni „start“. Álitsbeiðandi gerði athugasemd við rafgeyminn en segir seljanda hafa tjáð sér að hafa aftur samband eftir helgi ef þetta héldi áfram. Mánudaginn eftir kaupin, þann 11. janúar 2016, varð bifreiðin rafmagnslaus og úr varð að seljandi greiddi fyrir nýjan rafgeymi.

Þegar álitsbeiðandi lét setja vetrardekk undir bifreiðina segist hann hafa tekið eftir að bremsudiskar voru ryðgaðir að framan og lét skipta um þá. Síðar fór álitsbeiðandi með bifreiðina í hjólastillingu og kom þá í ljós að það væri „töluvert slit í stífufóðringu“ hægra megin að framan. Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda þann 18. janúar og úr varð að bifreiðin fór á verkstæði seljanda þann 3. febrúar 2016.

Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið var við að bifreiðin færi stundum í hlutlausan gír þegar hún var stöðvuð, t.d. við umferðaljós og gatnamót, en þetta gerðist um það bil einum til tvisvar sinnum í mánuði. Þantaði álitsbeiðandi því tíma í aflestur hjá umboði bifreiðarinnar og fékk tíma þann 20. júlí 2016 en ekkert fannst að bifreiðinni. Niðurstöður aflestrar voru þó sendar erlendis til tæknimanna hjá Skoda til nánari skoðunar.

Þann 3. ágúst 2016 fékk álitsbeiðandi niðurstöðu greiningar og var honum tjáð að „mechatronicið“ væri bilað. Álitsbeiðandi aflaði annars álits og varð niðurstaðan sú sama.

Hafði hann samband við seljanda og úr varð að seljandi samþykkti þann 8. september að greiða fyrir vinnu vegna viðgerðarinnar en álitsbeiðandi átti að greiða fyrir varahluti. Bifreiðin var bókuð í viðgerð þann 26. september 2016 og greiddi álitsbeiðandi í kjölfarið 138.000 krónur inn á sérpöntun varahluta.

Síðar var álitsbeiðanda tjáð af verkstæðinu að einnig yrði að skipta um kúplingar í skiptingu bifreiðarinnar þar sem þær væru „komnar útfyrir eðlileg slitmörk svo það [var] ekki hægt að grunnstilla þær við nýja mechatronicið.“ Tilboð í þá viðgerð fyrir efni og vinnu var áætlað um 283.000 krónur. Þann 12. október komust álitsbeiðandi og seljandi að samkomulagi um að seljandi myndi greiða fyrir „kúplingssettið“ 130.000 krónur en álitsbeiðandi myndi greiða 154.000 fyrir vinnuna.

Þann 20. október 2016 hafði starfsmaður verkstæðisins samband og sagðist vera í vandræðum með viðgerðina en bauð álitsbeiðanda lánsbifreið meðan verið væri að finna út úr vandanum. Viðgerð dróst á langinn og löng bið var eftir varahlutum en álitsbeiðandi hafði ítrekað samband eða mætti á verkstæðið og kannaði stöðu mála. Þann 13. desember 2016 fékk álitsbeiðandi upplýsingar frá verkstæðinu um að pantaður hefði verið nýr varahlutur því varahluturinn sem hafði komið gæti hafa verið gallaður.

Þann 4. janúar 2017 var fyrirhugað að álitsbeiðandi fengi bifreiðina afhenta í viku til prufu og ætti að sjá hvernig gengi. Þann 16. janúar bilaði bifreiðin og var dregin á verkstæðið. Þann 19. janúar höfðu starfsmen verkstæðisins samband og sögðust ekki geta gert meira við skiptinguna og yrði að kaupa nýja skiptingu. Að sögn álitsbeiðanda er listaverð skiptingar 1.300.000 krónur en hægt væri að lækka verðið niður í 900.000 eða 1.000.000 krónur fyrir utan vinnukostnað. Álitsbeiðanda var einnig bent á það af verkstæðinu að hann gæti reynt að finna skiptingu á partasölu sem verkstæðið myndi setja í bifreiðina en álitsbeiðandi kvaðst ekki tilbúinn í slíka óvissu.

Þann 19. janúar 2017 ræddi álitsbeiðandi við seljanda og sagðist vilja rifta kaupunum en seljandi hafnaði þeirri kröfu þann 27. janúar og sagðist ekki tilbúinn í að gera meira í málinu.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kærunefndinni að kaupunum verði rift, auk endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, þar sem bifreiðin hafi verið haldin galla frá upphafi sem ekki var unnt að sjá við skoðun, enda hafi verið mjög erfitt að greina bilunina.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að skýrsla vegna ástandsskoðunar frá því 29. september 2015 hafi legið fyrir við kaupin og sú skýrsla hafi verið kynnt álitsbeiðanda. Seljandi hafi síðan greitt fyrir nýjan rafgeymi í bifreiðina og skipti á spyrnufóðringum að framan.

Í ágúst 2016, þegar sjö mánuðir voru liðnir frá kaupunum, hafi álitsbeiðandi leitað til seljanda og beðið um að hann tæki þátt í kostnaði vegna viðgerðarinnar, vegna bilunar í svokölluðu mechatronic í sjálfsskiptingu. Seljandi kveðst hafa hafnað því að um galla væri að ræða en í ljósi viðskiptavildar ákveðið að taka þátt í viðgerðarkostnaði að upphæð 109.488 krónur af 304.010 króna viðgerðarreikningi, dags. 5. janúar 2017.

Seljandi segir að ekkert liggi fyrir um að sjálfsskipting bifreiðarinnar hafi verið biluð við kaupin og bifreiðin hafi ekki verið í verra ástandi en álitsbeiðandi mátti ætla miðað við aldur bifreiðarinnar og akstur. Þá telur seljandi að kvörtun um galla sé of seint fram komin og hafnar kröfu um riftun og frekari þáttöku í viðgerðarkostnaði.

#### V

##### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda vegna andsvara seljanda tekur álitsbeiðandi fram að ástandsskýrsla hafi ekki legið fyrir við kaupin heldur hefði hann spurt um skoðunina sem seljandi hafi svarað með því að lesa niðurstöður úr tölvunni en sagði einnig að búið væri að lagfæra öll þau atriði sem ekki hafi reynst rétt.

Í júní kveðst álitsbeiðandi hafa pantað tíma í viðgerð þar sem bifreiðin hafi átt það til að detta úr gír en hann hafi ekki séð ástæðu til að tilkynna það til seljanda þar sem hann taldi bilunina ekki eins alvarlega og síðar kom í ljós. Álitsbeiðandi lét seljanda vita í ágúst þegar niðurstöður lágu fyrir og hann hafði þegar beðið eftir viðgerð í tvo mánuði.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 8. janúar 2016 af seljanda fyrir 1.440.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2007 og var því níu ára og hafði verið ekin 143.920 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 8. janúar 2016, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki sýnt fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim

grundvelli. Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi veitt álitsbeiðanda upplýsingar um þá annmarka sem hann vissi af fyrir kaupin og gerði seljandi við þá annmarka á eigin kostnað þegar í ljós kom að þeir væru enn til staðar. Ekki liggur fyrir að seljandi hafi haft vitneskju um nokkra aðra annmarka þegar kaupin fóru fram líkt og annmarka í sjálfsskiptingu. Þá telur nefndin ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi veitt sér rangar upplýsingar um að viðgerð hafi farið fram á stífufóðringu en það atriði hefur ekki áhrif í máli þessu sem varðar „mechatronic“ bifreiðarinnar, enda hefur seljandi þegar greitt fyrir viðgerð vegna stífufóðringa.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Bifreiðin bilaði í júlí, rúmlega sex mánuðum eftir að álitsbeiðandi festi kaup á henni og þann 3. ágúst 2016 fékk álitsbeiðandi nánari upplýsingar um eðli bilunarinnar. Í kjölfarið hafði álitsbeiðandi samband við seljanda og tilkynnti honum um bilunina og samþykkti seljandi að taka þátt í greiðslu viðgerðarkostnaðar. Þá voru tæplega sjö mánuðir liðnir frá kaupdegi. Þegar enn frekari kostnaður kom í ljós kom vegna viðgerðar á bifreiðinni í janúar 2017 hafði álitsbeiðandi samband við seljanda en seljandi neitaði að taka þátt í frekari kostnaði. Krefst álitsbeiðandi nú riftunar fyrir kærunefndinni auk endurgreiðslu útlagðs kostnaðar.

Það að umþrætt bifreið hafi verið nýu ára gömul á söludegi og ekin 143.920 km. gaf álitsbeiðanda ástæðu til að skoða bifreiðina mjög vandlega áður en kaup fóru fram. Engin sjálfstæð skoðun fór hins vegar fram af hálfu álitsbeiðanda heldur byggði hann á upplýsingum frá seljanda um skoðun sem fram fór nokkru fyrir kaupin. Þegar um eldri bifreiðar er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í tilteknu standi enda er iðulega kominn tími á viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun og mikinn akstur. Mátti álitsbeiðandi þar af leiðandi búast við því að bifreiðin myndi þarfnast ákveðins viðhalds eða viðgerða. Álítur kærunefndin að ekki hafi verið sýnt fram á annað í málinu en að bilun bifreiðarinnar stafi af aldri hennar og mikils aksturs en ekki af leyndum galla í skilningi nkpl. Þá ber einnig að líta til þess að seljandi hefur þegar tekið þátt í ýmsum kostnaði vegna viðgerða á bifreiðinni.

Í ljósi allra atvika málsins er ekki unnt að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda um riftun.

## VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson